

Nd.

634. Nefndarálit

[260. mál]

um frv. til l. um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið eftir föngum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með brtt., sem bornar eru fram á sérstöku þingskjali.

Nefndin hafði til athugunar brtt. á þskj. 560 við 6. gr. frv. frá Guðlaugi Gíslasyni o. fl. og brtt. við sömu gr. á þskj. 542 frá Jóni Skaftasyni, en flutningsmenn beggja tillagna eiga sæti í nefndinni.

Varð samkomulag um það við flm. þessarar brtt., að efni þeirra yrði tekið upp í brtt. nefndarinnar nokkuð breytt, og munu þeir draga sínar brtt. til baka.

Einnig var á sínum tíma vísað til n. frv. til l. um fiskiðnskóla í Vestmannaeyjum á þskj. 64, sem flutt er af Guðlaugi Gíslasyni, og frv. til l. um Fiskiðnskóla á þskj. 11, sem flutt er af Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

Telur nefndin, að með afgreiðslu þessa máls hafi framangreind frv. hlotið þinglega afgreiðslu.

Alþingi, 22. marz 1971.

Birgir Finnsson,
form., frsm.
Jón Skaftason.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Björn Pálsson.
Pétur Sigurðsson.

Guðl. Gíslason.

Lúðvík Jósefsson.